

Stjórn Suðursveitar ehf. skorar á sveitarstjórnina að álykta um legu þjóðveggar 1 um land Reynivalla í Suðursveit.

Það er mikilvægt (sbr. símtal frá Ásgrími Ingólfssyni í gær og sl. föstudag) að sveitarstjórn Hornafjarðar álykti einróma að hún mælist eindregið til þess að landeigendur að Reynivöllum 2 selji land undir nýja brú yfir Fellsá í núverandi brúarstæði í miðjum Hrollaugshólum þrátt fyrir eftirfarandi:

1. Þjóðvegur 1 mun liggja í áfram í fjöllunum næst Reynivöllum um fyrirsjáanlega framtíð í beygju í sama vegstæði og var reiðleið löngu fyrir daga bílanna. Við Reynivelli er sviptivindasamt og oft válynd veður eins og oft er meðfram bröttum og háum fjöllum. Núverandi leið þýðir að ekki verður um styttingu að ræða á þjóðvegi 1 þarna næstu áratugina. Leiðir á öldum áður voru eðlilega valdar þannig að sem styst væri á milli bæja. Nokkrir áratugir eru síðan horfið var frá því og öruggasta og beinasta leiðin valin frekar.
2. Vegagerðin hefur lagt til að þjóðvegurinn verði færður örlítið neðar í framtíðinni, neðar í landi Reynivalla 3 þvert yfir bestu tún jarðarinnar (sjá teikningu í viðhengi). Eigandi Reynivalla 3 hefur sagt mér (síðast í gær) að hann muni ekki sætta sig við að vegurinn verði færður neðar í besta ræktarlandið á Reynivöllum þar sem nú eru ræktuð tún. Sveitarstjórnin þarf þá að álykta að hún sé samþykkt tillögu Vegagerðarinnar og samþykkt því að besta ræktarlandið verði tekið úr notkun á Reynivöllum í náinni framtíð til að færa þjóðveginn örlítið neðar.
3. Keyrt hefur verið á tugi ára og lamba á þjóðvegi 1 í landi Reynivalla og Breiðabólstaðar á hverju ári undanfarin ár. Það er vegna þess að vegurinn liggur í fjallshlíðinni þar sem sauðféð heldur sig. Vandamál vegna sauðfjár myndi stórminnka og svo til hverfa með færslu þjóðvegarins suður fyrir Hrollaugshóla þar sem á lengstum kafla eru eingöngu sandar og árframburður og þangað sækir sauðfé ekki. Sveitarstjórnin lýsir því þá yfir að hún setji hættuna af völdum sauðfjár ekki fyrir sig og vilji samt að þjóðvegurinn verði áfram í gömlu reiðleiðinni í fjallshlíðunum.
4. Nýtt skipulag gerir ráð fyrir hóteli austan Hrollaugshóla í landi Reynivalla 2 auk matvöruverslunar og bensín/orkustöðvar. Ef verslunin og bensínstöðin verða reist næst þjóðveginum þar sem hann er núna, þá mun sú fjárfesting fara beint út um gluggann þegar skynsamir framtíðarstjórnendur hjá Vegagerðinni og sveitarfélaginu komast að þeirri niðurstöðu eftir nokkur ár að auðvitað eigi að stytta þjóðveginn og færa hann suður fyrir Hrollaugshóla í beina línu austur frá Breiðamerkursandi, frá fjöllunum, frá sviptivindunum, frá sauðfénu. Þá verða þessar byggingar fullreistar á kolröngum stað þegar þjóðvegurinn verður færður. Enn og aftur, þá setur sveitarstjórnin þetta ekki fyrir sig.
5. Bygging brúar á nýjum stað sunnan Hrollaugshóla styttr þjóðveginn umtalsvert og eykur öryggi vegfarenda, þ.m.t. íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórnin telur mikilvægara samt að brúin verði reist á núverandi stað sem útilokar þessa styttingu. Auk þess má benda á að brú á nýjum stað gerir byggingu bráðabirgðabráar óþarfa þar sem hægt verður að nýta núverandi brú sem bráðabirgðabrá á meðan nýja brúin er reist. Vegagerðin hefur auk þess

sagt að vegurinn verði færður örlítið neðar eins og áður sagði og kallar það hvort eð er á nýja vegagerð þegar það verður gert. Sparnaðurinn er því lítill sem enginn en verri leiðin valin.

Að síðustu má nefna að vissulega fara einhver tún undir nýjan veg ef vegurinn verður færður niður fyrir Hrollaugshóla og norður fyrir Hala og Gerði, þ.e. tún úr landi Breiðabólsstaðar austast í veglínunni. Þó færi mun minna ræktarland heldur en ef leið Vegagerðarinnar yrði notuð sem sýnd er í teikningu í viðhengi. Ef mikill metnaður væri í Vegagerðinni og sveitarstjórn, þá yrði gerð krafa um að þjóðvegurinn yrði færður suður fyrir Hala og Gerði í framtíðinni; færður úr Steinafjalli þar sem þjóðvegurinn liggur um bratta fjallshlíð og er hættan þar líklegast meiri en í landi Reynivalla. Þar bætist grjóthrunshætta við hættuna af svíptivindum og sauðfé, auk þess sem þjóðvegurinn sígur stöðugt í fjallshlíðinni og þarfnast mikils viðhalds vegna þess.

Eðlilega geta menn alltaf borið við fjárskorti vegna svona framkvæmda en þá getur verið betra að bíða með framkvæmdir og gera hlutina almennilega og vel síðar, þannig að framkvæmdin og fjárfestingin nýtist betur en sem einhver plástursaðgerð fyrir eina kynslóð.

Virðingarfyllst,

Skúli Gunnar Sigfússon
Suðursveit ehf.